

Nd.

8. Frumvarp til laga

[8. mál]

um Iðnaðarmálastofnun Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Iðnaðarmálastofnun Íslands (IMSÍ) er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn ráðherra þess, sem fer með iðnaðarmál.

2. gr.

Ráðherra skipar stjórn stofnunarinnar til fjögurra ára í senn. Formann stjórnarinnar skipar ráðherra án tilnefningar, en eftirtalin félagasamtök skulu hvert um sig tilnefna einn mann í stjórnina:

Alþýðusamband Íslands,
Félag íslenzkra iðnrekenda,
Iðnsveinaráð Alþýðusambands Íslands,
Landssamband iðnaðarmanna,
Samband ísl. samvinnufélaga,
Verzlunarráð Íslands,
Vinnuveitendasamband Íslands.
Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt.
Ráðherra skipar varaformann úr hópi aðalstjórnarmanna.

3. gr.

Stjórn Iðnaðarmálastofnunar Íslands ræður stofnuninni framkvæmdastjóra, að fengnu samþykki ráðherra, er ákveður laun hans.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur stofnunarinnar og sér um fjárreiður hennar.

Annað starfslið stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóri með samþykki stjórnar stofnunarinnar og ráðherra, sem ákveður laun þess, að fengnum tillögum stjórnar og framkvæmdastjóra.

4. gr.

Markmið Iðnaðarmálastofnunar Íslands er að efla framfarir í iðnaði hér á landi og stuðla að aukinni framleiðni í íslenzku atvinnulífi með þeim hætti, sem nánar verður kveðið á um í reglugerð, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Stofnunin skal vera Alþingi og ríkisstjórn til ráðuneytis í tæknilegum vandamálum, er iðnað varða. Hún skal leitast við að efla samvinnu framleiðenda, stofnana og félagasamtaka til framfara í íslenzkum iðnaði og vörudreifingu og hafa náð samstarf við þá aðila um slík mál.

5. gr.

Iðnaðarmálastofnun Íslands skal annast skipulagningu og stjórn stöðlunarmála, hafa forgöngu um samningu, útbreiðslu og útgáfu íslenzkra staðla og vera forustuaðili á Íslandi í öllu, er að stöðlun lýtur.

6. gr.

Stofnuninni skal heimilt að taka að sér tiltekin verkefni til fyrirgreiðslu hagkvæmni í rekstri og aukinnar framleiðni, fyrir hvern þann aðila, er til hennar leitar, enda komi fullt gjald fyrir samkvæmt gjaldskrá, er ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Skulu slík mál vera trúnaðarmál milli stofnunarinnar og þess, sem unnið er fyrir, og er stofnuninni óheimilt að skýra frá þeim, nema með samþykki aðila.

7. gr.

Reksturskostnaður Iðnaðarmálastofnunar Íslands, umfram reksturstekjur, greiðist úr ríkissjóði, og sé fé veitt til þess í fjárlögum.

8. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 20. febrúar 1954 skipaði þáv. iðnaðarmálaráðherra, Ingólfur Jónsson, 7 manna nefnd „til þess að semja lög og reglur fyrir Iðnaðarmálastofnun Íslands“. Skyldi nefndin hafa skilað ráðuneytinu sameiginlegu álitu fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Fullt samkomulag varð innan nefndarinnar um markmið stofnunarinnar og skipulag, og skilaði nefndin sameiginlegu álitu í frumvarpsformi á tilsettum tíma. Var það flutt á reglulegu Alþingi árið 1954, en varð ekki útrætt. Annað frumvarp til laga fyrir stofnunina var flutt á Alþingi árið eftir, en varð þá heldur eigi útrætt.

Hinn 15. júní 1955 gaf þáv. iðnaðarmálaráðherra út drög að starfsreglum fyrir Iðnaðarmálastofnun Íslands, til þess að haga störfum sínum eftir, þar til sett yrðu um hana sérstök lög. Eftir þessum starfsreglum var Iðnaðarmálastofnuninni stjórnað þar til 29. maí 1957 að þáv. iðnaðarmálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, setti stofnuninni nýjar starfsreglur, sem enn eru í gildi.

Með bréfi til Iðnaðarmálastofnunar Íslands, dags. 10. júní s. l., óskaði iðnaðarmálaráðherra, Bjarni Benediktsson, þess, að stjórn stofnunarinnar léti semja frumvarp til laga fyrir stofnunina og yrði við meðferð málsins sérstaklega tekin til athugunar aðild Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, sem hvorug eiga fulltrúa í stjórn stofnunarinnar samkvæmt gildandi starfsreglum. Drög að frumvarpi til laga fyrir stofnunina bárust ráðuneytinu í byrjun septembermánaðar, og er frumvarp það, sem hér liggur fyrir, samið í iðnaðarmálaráðuneytinu á grundvelli tillagna stjórnar Iðnaðarmálastofnunarinnar, með nokkrum breytingum. Er þess vænt, að það geti orðið undirstaða að framtíðarskipan þessarar stofnunar.

Um gildi og þörf stofnunar, slíkrar sem Iðnaðarmálastofnunar Íslands, fyrir hinn unga og ört vaxandi iðnað landsmanna, þarf vart að fjölyrða. Um starfssvið hennar kunna hins vegar að vera skiptar skoðanir í einstökum atriðum, enda rétt sjónarmið, sem frá upphafi hefur ríkt hjá stjórn stofnunarinnar, að forðast beri að fella verkefni hennar um of í fastar skorður og sömuleiðis, að verkefnaval miðist við allan iðnað landsmanna án takmarkana. Þannig er ætlað til að Iðnaðarmálastofnunin geti einbeitt sér að verulegu leyti að þeim verkefnum, sem hún álitur mesta þörf fyrir að vinna á hverjum tíma, án þess að starfskröftum hennar sé til fulls ráðstafað fyrirfram í fastaverkefni.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins:

Lagt er til, að nafn stofnunarinnar verði Iðnaðarmálastofnun Íslands, svo sem verið hefur frá upphafi, skammstafað IMSÍ. Til greina kæmi þó, að stytta nafn stofnunarinnar í Iðnaðarstofnun Íslands eða Iðnstofnun Íslands, og má athuga það við meðferð málsins.

Um 2. gr.

Sú breyting er hér gerð frá gildandi starfsreglum fyrir stofnunina, að Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands fái aðild að stofnuninni. Er talið sjálfsagt að heildarsamtök vinnuveitenda og launþega verði í hópi þeirra

félagasamtaka annarra, sem tilnefna fulltrúa sína í stjórn stofnunarinnar. Í fyrri frv. um Iðnaðarmálastofnun Íslands var einnig gert ráð fyrir aðild tveggja framan- greindra landssambanda.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að efni til þau sömu og í gildandi starfsreglum og í samræmi við það, sem gildir um hliðstæðar stofnanir.

Um 4. gr.

Eins og fram kemur í grein þessari, er höfuðmarkmið Iðnaðarmálastofnunar Íslands að efla framfarir í íslenskum iðnaði og stuðla að aukinni framleiðni í íslensku atvinnulífi. Framleiðni er nýtingarhlutfall milli ákveðins framleiðslumagns (eða verðmætis) og magns hinna ýmsu þátta framleiðslunnar, sem til þurfti til þess að skapa það framleiðslumagn, svo sem vinnu, fjármagns, fjárfestingar, orku, o. s. frv. Í daglegu tali er orðið ýmist notað í merkingunni „vinnuframleiðni“, eða það hefur víðari merkingu, þ. e. a. s. heildarframleiðni, og er þá átt við, að aukning framleiðni sé í því fólgin, að framleiða meiri og/eða betri vöru með sama eða lækkuðum heildarkostnaði. Að því marki má að sjálfsögðu vinna eftir ýmsum leiðum. Hefur við nána athugun þótt henta betur að kveða á um það í reglugerð, eftir hvaða leiðum skuli unnið að því höfuðmarkmiði, sem áður er lýst, heldur en hafa þá upptalningu í lögnum sjálfum. Í fyrsta lagi verður sú upptalning vart tæmandi hvort sem er og auk þess er handhægara að laga reglugerð eftir breyttum aðstæðum heldur en sjálf lög stofnunarinnar.

Gert er ráð fyrir, að í reglugerð verði í fyrstu kveðið á um, að Iðnaðarmálastofnun Íslands vinni að settu marki, m. a. að eftirtöldum leiðum:

- a. Með því að láta framleiðendum og dreifendum í té tæknilegar og hagrænar leiðbeiningar, er miða að aukinni framleiðni og vöruvöndun. Enn fremur að safna og miðla upplýsingum um markaðsmál iðnaðarins.
- b. Með því að fylgjast með tæknilegum nýjungum og veita þeim, sem iðnað stunda og við vörudreifingu fást, leiðbeiningar, er miði að auknum afköstum, verk- nýtingu og vöruvöndun, m. a. um vélar, húsakynni, vinnutilhögun og með- ferð hráefna.
- c. Með því að rannsaka afköst í einstökum greinum iðnaðar og kynna niðurstöð- urnar, svo að notum komi fyrir iðnfyrirtæki og tæknifræðsluna í landinu. Enn fremur að gera athuganir til endurbóta á hinum ýmsu sviðum iðnaðar- og vörudreifingar.
- d. Með því að annast athuganir vegna nýrra framleiðslugreina og áætlanagerð þar að lútandi, er þörf gerist, til endurbóta og aukinnar framleiðni.
- e. Með því að vinna að aukinni fræðslu um iðnaðarmál, svo sem með útgáfu tímarits og leiðbeiningarita, starfrækslu tæknilegs bóka- og kvikmyndasafns og með námskeiða- og fyrirlestrahaldi.
- f. Með því að hafa milligöngu um hagnýtingu erlendra tækniástoðar í málum, sem snerta starfsemi stofnunarinnar, m. a. m. aðild af Íslands hálfu að sam- starfi Evrópuþjóða í framleiðni-, tækni- og markaðsmálum, og með því að hafa samband og samstarf við erlendar tæknistofnanir og samtök þeirra.
- g. Með því að stuðla að því, að hérlendir menn, sem starfa í þágu íslensks iðnaðar og vörudreifingar, komist til framhaldsnáms erlendis í vísindalegum, tækni- legum og verklegum greinum, og að erlendir kunnáttumenn á þessum sviðum heimsæki Ísland.

Þótt markmið Iðnaðarmálastofnunarinnar sé fyrst og fremst að stuðla að framfaramálum iðnaðarins í landinu, varða mörg þeirra verkefna, sem henni er ætlað að taka sér fyrir hendur, einnig aðrar atvinnugreinar. Sérstöku máli skiptir í þessu sambandi fræðslustarfsemi og önnur viðleitni til þess að hafa áhrif til bættrar nýtingar vinnuafns, fjármagns, efnivöru, orku o. s. frv., í hvers konar framleiðslu og dreifingu, eða m. ö. o. viðleitni til aukinnar framleiðni (produktivitets). Á stofn-

unin að þessu leyti samstöðu með framleiðslustofnunum O.E.E.C.-landanna og Framleiðniráði Evrópu (European Productivity Agency / O.E.E.C.), sem hafa á undanförunum árum unnið markvisst að því að auka skilning manna á gildi framleiðniaukningar fyrir bætt lífskjör og stuðlað með margvíslegri starfsemi að slíkri framleiðniaukningu.

Samkvæmt a-lið framangreindrar upptalningar er ætlað til þess að stofnunin stuðli að lækkuðum framleiðslukostnaði og betri iðnaðarframleiðslu með tæknilegum leiðbeiningum og aðstoð. Þetta hefur frá upphafi verið einn af meginþáttum í starfsemi stofnunarinnar og hefur hann að nokkru bætt úr þeim skorti á ráðgefandi, tæknilegri þjónustu fyrir iðnfyrirtæki, sem hér var tilfinnanlegur áður en stofnunin tók til starfa. Er ætlað til, að stofnunin veiti í framtíðinni almenna leiðbeiningaþjónustu, einkum litlum fyrirtækjum, en örvi jafnframt öll fyrirtæki til þess að hagnýta sér sérfræðilega leiðbeiningaþjónustu, eftir því sem unnt reynist að láta hana í té. Æskilegt er og, að vinnuathuganir (arbeidsstudier) verði teknar hér upp í ríkum mæli til þess að tryggja hagkvæm vinnubrögð og skapa grundvöll að heilbrigðu ákvæðisvinnukerfi.

Það, sem vikið er að í b-lið hér að framan, er þegar verulegur liður í starfsemi Iðnaðarmálastofnunar Íslands. Til greina kæmi að koma upp í sambandi við tæknibókasafn stofnunarinnar eins konar upplýsingamiðstöð, með svipuðum hætti og nú er þegar gert í nágrannalöndunum, og leysa þar með sameiginlega þörf rannsóknastofnana og ýmissa fleiri aðila fyrir tæknilega upplýsingaþjónustu á breiðum grundvelli.

Verkefni þau, sem á er drepið í liðum c—g hér að framan, hafa á undanförunum árum að verulegu leyti mótað starfsemi Iðnaðarmálastofnunar Íslands. Stofnunin gefur út tímaritið Iðnaðarmál og hefur komið sér upp allgóðu tæknibókasafni og safni kvikmynda, haldið námskeið og gengið fyrir fyrirlestrahaldi. Iðnaðarmálastofnunin hefur einnig um nokkurra ára skeið átt drjúgan þátt í milli-göngu um hagnýtingu landsmanna á erlendri tæknaaðstoð og er að sjálfsgöngu gert ráð fyrir, að allir þessir þættir starfseminnar skipi eigi síðri sess en verið hefur til þessa.

Síðari hluti þessarar greinar þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Stöðlun (standardisering) er ný starfsemi hér á landi, sem Iðnaðarmálastofnuninni var falið að annast samkvæmt starfsreglunum frá 1955. Í öðrum löndum er þetta verkefni í höndum sérstakra stofnana. Tilgangur stöðlunar er m. a. sá, að setja reglur til samræmingar um gæði, form og aðra eiginleika ýmiss konar framleiðsluvöru, í því skyni að auðvelda viðskipti, lækka vöruverð og vernda hagsmuni neytenda. Stöðlun er t. d. talin ein bezta leiðin til skipulegrar og hagkvæmrar framleiðslu og framkvæmda í byggingariðnaði. Hér á landi hefur aðaláherzlan til þessa verið lögð á stöðlun í þessari grein iðnaðar, en þörfin brýn að auka þessa starfsemi til mikilla muna í náinni framtíð.

Um 6. gr.

Eðlilegt þykir, að Iðnaðarmálastofnun Íslands hafi heimild til þess að taka að sér gegn greiðslu, úrlausnir tiltekinna verkefna fyrir fyrirtæki og einstaklinga, er til hennar leita, svo sem hún hefur gert til þessa. Líklegt er talið að sú verði þróunin hér, sem í öðrum löndum, að stofnuð verði einkafyrirtæki verkfræðinga og annarra tæknimennnaðra manna, er leysi Iðnaðarmálastofnun Íslands af hólmi í þessu efni. Á meðan slík fyrirtæki vantar, getur Iðnaðarmálastofnunin hér unnið þarft verk og jafnvel flýtt fyrir þeirri þróun, að sjálfstæð fyrirtæki veiti umrædda þjónustu.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringar.